

Krafa 7. þings SGS um að vaxtalækkarnir skili sér til almennings

Vextir hér á landi hafa verið mjög háir undanfarin ár og leikið heimilin í landinu sem og almennan atvinnurekstur grátt. Ein af meginforsendum lífskjarasamningsins er lækkun vaxta.

Seðlabankinn hefur lækkað stýrivexti umtalsvert á undanförunum mánuðum, en lækkunin er 1,25 prósentustig frá því kjarasamningarnir voru undirritaðir þann 1. apríl.

Það er engan veginn nóg að Seðlabankinn lækki stýrivexti; sú lækkun verður að skila sér til almennings. Það er því krafa 7. þings SGS að fjármálastofnanir skili lækkuninni áfram til almennings að fullu eigi síðar en strax.